

Ed. 671. Frumvarp til laga [223. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna nýbyggingar Landspítalans.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á árunum 1962 og 1963 4 milljón króna innlent lán hvort árið, og skal láninu varið til framhaldsframkvæmda við nýbyggingu Landspítalans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið vegna eindreginna tilmæla byggingarnefndar Landspítalans um útvegum á samtals 8 milljón króna láni á þessu ári og hinu næsta, svo að unnt verði að hraða byggingu ákveðins áfanga við nýbyggingu Landspítalans, eða svonefndri vesturálm, en ef lánsheimildin verður veitt, telur byggingarnefndin mögulegt að fullgera umræddan áfanga fyrir árslok 1963, enda verði eigi veitt minna fé til byggingar spítalans á fjárlögum næsta árs en á yfirstandandi ári. Byggingarnefndin leggur ríka áherzlu á, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða.